



Reglur

Fjarðabyggðar um úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum til skóla, íþróttafélaga og almennings

1. gr.

Markmið og umfang

Markmið þessara reglna er að auka fagleg vinnubrögð við úthlutun íþróttatíma, efla íþróttastarf sveitarfélagsins og bæta samstarf hlutaðeigandi. Með styrkveitingu er átt við gjaldfærðar millifærslur vegna notkunar íþróttafélaga á íþróttamannvirkjum bæjarins. Ekki er átt við greiðslu á fjármunum til íþróttafélaga heldur reiknaðan kostnað vegna notkunar íþróttamannvirkja samkvæmt verðskrá sveitarfélagsins hverju sinni. Styrkveiting nær til íþróttafélaga og íþróttadeilda sem eru aðildarfélög innan vébanda UÍA og skráð aðildarfélög ÍSÍ (í gegnum viðkomandi sársamband), og starfa í Fjarðabyggð. Reglurnar ná til eftirtalinna íþróttamannvirkja: Íþróttahússins í Neskaupstað, Stefánslaugar í Neskaupstað, Íþróttahússins á Eskifirði, Sundlaugar Eskifjarðar, Íþróttahússins á Reyðarfirði, Fjarðabyggðarhallarinnar, Íþróttahússins á Fáskrúðsfirði, Sundlaugar Fáskrúðsfjarðar, Íþróttahússins á Stöðvarfirði, Sundlaugar Stöðvarfjarðar og íþróttamiðstöð Breiðdals

2. gr.

Umsókn um tíma

Umsóknir um æfinga- eða leigutíma skulu sendar forstöðumanni viðkomandi íþróttamannvirkis. Umsóknir skulu berast með nægum fyrirvara til að unnt sé að samræma ólíkar þarfir og fullnýta mannvirki. Fyrir staka tíma skal umsókn berast í síðasta lagi viku áður en viðkomandi notkun hefst, nema annað sé sérstaklega samþykkt. Fyrir úthlutun reglulegra tíma yfir heila önn skal miða við að umsóknir og forsendur (iðkendafjöldi, aldursflokkar, keppnisáætlanir og óskir um tímasetningar) liggi fyrir áður en önn hefst, samkvæmt nánari verkferlum sem gefnir eru út af stjórnanda íþróttar og frístundamála í samráði við forstöðumenn mannvirkja.

3. gr.

Úthlutun til íþróttafélaga

Æfingatímum til íþróttafélaga er úthlutað af forstöðumönnum íþróttamannvirkja í samráði við stjórnanda íþróttar og frístundamála. Til styrkhæfra æfingatíma telst allt barna- og unglingastarf 0-18 ára, auk æfinga meistara flokksliða karla og kvenna í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er haldið úti öflugum barna- og unglingastarfi sem og keppt á Íslandsmóti.

3.1. Þættir til hliðsjónar



Við úthlutun æfingatíma er tekið mið af fjölda iðkenda og hlutfalli barna og unglunga í félagi, nýtingu síðasta tímabils og úthlutun æfingatíma, þeirri meginreglu að æfingar barna og unglunga hafi forgang og að stefnt skuli að því að æfingum barna ljúki fyrir kl. 19:00.

3.2. Forgangur og samhæfing

Fjarðabyggð hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur leik-, grunn- og framhaldsskóla samkvæmt 4. gr. Almenn regla um forgang er sú að skólabörn hafi fyrsta forgang á skólatíma, því næst íþróttafélög og að lokum almennir tímar. Í undantekningartilfellum er heimilt að hliðra til æfingatímum félaga vegna sérstakra atburða, enda liggi fyrir sérstakt leyfi stjórnanda íþróttar og frístundamála að undangengnu samráði við forstöðumann viðkomandi mannvirkis.

3.3. Framsal og endurúthlutun

Íþróttafélögum er ekki heimilt að framselja úthlutuðum æfingatímum til annarra félaga eða einstaklinga. Félögum er þó heimilt að eftirláta þriðja aðila að sjá um skipulagt íþróttar- og félagsstarf með börnum, til dæmis foreldrafélagi leikskóla, enda liggi fyrir samþykki forstöðumanns mannvirkis. Forstöðumanni íþróttamannvirkis er heimilt að endurúthluta tímum sem eru ónotaðir eða sannanlega vannýttir, að undangenginni áminningu til viðkomandi félags og í samráði við stjórnanda íþróttar og frístundamála.

3.4. Viðvera þjálfara

Ekki er heimilt að æfingar í barna- og unglingaflokkum fari fram nema þjálfari, eða annar ábyrgur staðgengill hans 18 ára eða eldri, sé til staðar samkvæmt reglum um íþróttamannvirki. Þjálfara eða staðgengli hans ber að fara eftir reglum hússins og sjá til þess að iðkendur fari einnig eftir þeim, sýni góð samskipti, góða umgengni og fari að öðru leyti eftir tilmælum starfsmanna.

3.5. Stórhátíðir

Æfingatímar á stórhátíðum eru ekki styrktir. Skilgreindir stórhátíðardagar eru nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársgangur.

3.6. Skráningar og eftirlit með nýtingu

Starfsmenn íþróttamiðstöðvar fylgjast með og skrá upplýsingar um æfingar, iðkendafjölda, aldursflokka og leiki. Jafnframt skulu skráðar skýringar á ónotuðum æfingatímum.

3.7. Breytingar, afbókanir og upplýsingaskylda

Félög skulu tilkynna forstöðumanni mannvirkis um niðurfellingu eða breytingu á æfingatíma með þeim fyrirvara að unnt sé að endurúthluta tíma og hámarka nýtingu mannvirkja. Ef félag fellir ítrekað niður eða nýtir ekki úthlutaða tíma án fullnægjandi skýringa getur forstöðumaður, í samráði við stjórnanda íþróttar og frístundamála, tekið hluta eða alla viðkomandi tíma til endurúthlutunar.



4. gr.

Úthlutun til skóla

Notkun skóla á íþróttamannvirkjum á skólatíma er háð samhæfingu, samþykki og staðfestingu forstöðumanns viðkomandi íþróttamannvirkis. Skólar skulu vinna stundaskrár og tímabeirðir vegna íþróttakennslu og annarrar reglubundinnar hreyfingar í samráði við stjórnanda íþróttanna og frístundamála, þannig að tryggt sé að nýting íþróttamannvirkja sé sem hagkvæmest og að leyst sé úr mögulegum árekstrum milli skóla, og íþróttafélaga og vegna rekstrarskilyrða mannvirkja.

4.1. Framlagning stundaskráa og staðfesting

Skólar skulu leggja fram drög að tímaskipan fyrir viðkomandi önn með þeim fyrirvara að unnt sé að samræma notkun milli byggðarkjarna, mannvirkja og notendahópa. Forstöðumaður mannvirkis staðfestir úthlutun skólatíma fyrir sitt mannvirki, að undangengnu samráði við stjórnanda íþróttanna og frístundamála. Komi upp árekstrar milli skóla eða ósamræmi sem dregur úr fullnýtingu mannvirkja, tekur stjórnandi íþróttanna og frístundamála saman heildaryfirsýn, leggur til lausnir og samhæfir endanlega tímasetningu með viðkomandi skólum og forstöðumönnum mannvirkja. Gengið út frá því að skólar byggji beirðir á viðmiðunarstunaskrá og markmið aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá viðkomandi skóla.

4.2. Breytingar eftir útgáfu stundaskráa

Óski skóli eftir breytingu á staðfestum tímum skal slík beirðni berast forstöðumanni mannvirkis og stjórnanda íþróttanna og frístundamála með nægum fyrirvara. Breyting telst ekki samþykkt fyrr en hún hefur verið staðfest af forstöðumanni mannvirkis, að undangengnu samráði við stjórnanda íþróttanna og frístundamála.

4.3. Viðburðir, próf, ferðalög og tímabundin frávik

Sé fyrirséð að íþróttatímar falli niður vegna skólaferða, prófa, viðburða eða annarra frávika skal skóli tilkynna það svo fljótt sem auðið er, þannig að unnt sé að endurúthluta tímum tímabundið og hámarka nýtingu.

4.4. Skóladagatal

Skólastjórnendur skila skóladagatali til forstöðumanna þeirra íþróttamannvirkja sem viðkomandi skóli hefur afnot af um leið og samþykkt skóladagatal liggur fyrir.

5. gr.

Úthlutun til almennings

Hópar utan íþróttafélaga geta sótt um lausa æfingatíma til forstöðumanns íþróttamannvirkis gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.

5.1. Stakir tímar



Leigðir eru stakir tímar samkvæmt verðskrá og skal panta þá hjá starfsmönnum íþróttamiðstöðva með a.m.k. viku fyrirvara, til dæmis fyrir barnaafmæli.

5.2. Reglulegir tímar í heila önn

Hægt er að fá reglulega tíma leigða í eina önn með 15% afslætti. Fyrir hverja önn er greidd leiga sem nemur að hámarki 15 vikum. Vorönn er frá 1. janúar til 31. maí og haustönn er frá 1. september til 31. desember. Sendir eru út innheimtuseðlar í upphafi haustannar og aftur í upphafi vorannar. Mikilvægt er að greiða innheimtuseðla á gjalddaga. Gjaldkeri hóps er skráður leigutaki og er hann ábyrgðarmaður hópsins gagnvart Fjarðabyggð. Hann innheimtir hjá sínum hópi og sér um að greiða salarleigu í einu lagi samkvæmt innheimtuseðli frá Fjarðabyggð.

6. gr.

Framkvæmd, eftirfylgni, ágreiningur og undanþágur

Forstöðumenn íþróttamannvirkja í samráði við stjórnanda íþróttar og frístundamála annast sameiginlega framkvæmd og eftirfylgni þessara reglna. Verði ágreiningur um einstök atriði skal fyrst leitað lausnar í samráði forstöðumanns viðkomandi mannvirkis og stjórnanda íþróttar og frístundamála. Takist ekki að leysa ágreining með þeim hætti skal málinu vísað til fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar. Sækja þarf sérstaklega um undanþágu frá þessum reglum til fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar.

7. gr.

Gildistími

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur Fjarðabyggðar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum til íþróttafélaga og almennings.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 19. febrúar 2026

Jóna Arný Þórðardóttir

bæjarstjóri